

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

3. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn Mánudaginn 14. september 2015

kl. 08:15 í fundarsal B.S. á slökkvistöðinni á Hringbraut 125, Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Dagskrá.

Formaður setur fundinn.

Mál:

1. Fjárhagsáætlun 2016.
 - Slökkviliðsstjóri fer yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Fjárhagsáætlun samþykkt. Slökkviliðstjóra falið að senda hana til aðildarfélaga B.S. Stjórn bókar þakkir til slökkviliðstjóra fyrir vel unna og tímalega framsetta fjárhagsáætlun.
2. Starfsmannahald.
 - Drög að nýrri starfsmannastefnu lögð fram til kynningar. Slökkviliðstjóra falið að vinna áfram að málinu.
3. Fjármál.
 - Bréf frá slökkviliðstjóra til trúnaðarmanna frá 20. desember 2013, lagt fram til kynningar. Slökkviliðstjóra falið að vinna áfram í málinu.
4. Skráning Brunavarna Suðurnesja bs., í firmaskrá (undirskriftir).
 - Stjórnarmenn undirrita tilkynningu til að uppfylla skilyrði skráningu B.S. í firmaskrá. Þar kemur meðal annars fram að prókúruhafi félagsins sé slökkviliðsstjóri BS.
5. Önnur mál.
 - Slökkviliðstjóra og formanni veitt heimild til að sækja um yfirdráttarheimild til Landsbanka Íslands, allt að þrjátíu milljónir króna.
 - Lagt fram tilboð frá Dacoda vegna nýrrar vefsíðu B.S. **Samþykkt samhljóða.** Friðjón Einarsson situr hjá við afgreiðslu þessa máls.
 - Drög að leigusamningi við Sandgerðisbæ vegna slökkvistöðvarinnar í Sandgerði lagt fram til umræðu. Endanleg afgreiðsla fer fram á næsta fundi.

Fundarritari: Sigurður Skarphéðinsson

Fundi slitið kl. 09:45

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.
